

Umsögn um drög að frumvarpi til laga um áhafnir skipa, mál nr. 51/2021

Samtök smærri útgerða hafa farið yfir drögin og gera eftirfarandi athugasemdir við 17 gr.

Í drögunum er gert ráð fyrir því að ef róður fari yfir 14 tíma og eigandi sé ekki einn um borð þá skuli vera amk 2 réttindamenn um borð sem báðir hafi þá skipstjórnarmenntun og vélavarréttindi. Þarna er talað um útivist skips og sennilega gert ráð fyrir því að menn vinni án hvíldar í þá 14 tíma sem um er rætt. Í 64.gr. sjómannalaga er aftur á móti gert ráð fyrir því að hámarksvinnutími sjómanna sé ekki lengri en 14 tímar á hverju 24 klst. tímabili, þar segir ekkert um það hversu lengi menn mega vera úti á sjó sé þess gætt að þeir fái lögbundna hvíld samtals 10 klst á hverjum 24 tímum.

Til upplýsingar þá er róður á línu með 36 bala oft 12 til 16 tímar, ef allt gengur vel. Það fer eftir því hversu langt er farið. Ef eitthvað kemur uppá, línan slitnar eða annað, þá má reikna með lengri tíma. Verklagið er þannig að eftir að línan hefur verið lögð fara menn að hvíla sig í amk 4 tíma. Ef við einblínum á 14 tímana er augljóst að það verður að byrja strax að draga og þá missa menn af þessari hvíld. Þannig getur þetta virkað öfugt.

Á handfærum þarf að sigla langt (30-40 sjómílar), þegar kemur fram á sumarið og verðin eru góð. Það verður að hafa í huga að það eru fleiri á handfærum en strandveiðibátar. Venjulega eru menn í handfæraróðri í tvo daga í einu til þess að nýta tímann betur. Þannig spara menn sér 6 – 8 klukkutíma siglingu í hverjum róðri. Sá tími nýtist til veiða og hvíldar því yfirleitt er góð aðstaða til að hvílast og sofa um borð. Með þessu móti næst líka aukin hagkvæmni. Olíueyðsla strandveiðibáts sem má aðeins vera 14 tíma í róðri er um 3 desílítrar á kíló, en sá sem er við handfæraveiðar á kvóta og er lengur í róðri (24 – 40 tíma) fer með um einn desílítra á kíló. Það vakti athygli að skv. frumvarpsdrögum mætti eigandi báts vera einn í handfæraróðri í tvo daga en það gengi ekki ef hann hefði með sér annan mann sem þó væri æskilegt öryggisins vegna.

Ef horft til þjálfunar ungra sjómanna þá er það þannig að til þess að þeir fái þau réttindi sem sótt er um þurfa þeir að hafa ákveðið marga lögskráningardaga um borð og setjast á skólabekk. Með frumvarpsdrögunum verður erfiðara að sinna þjálfunarhlutverki á þessum bátum þar sem krafa er gerð um að eingöngu réttindamenn séu um borð fari róður yfir 14 tíma.

Við teljum að með breyttu verklagi megi sanna að hvíldartími skv. 64.grein sjómannalaga sé virtur um borð. Það má gera kröfu um að vaktakerfi sé komið á og það vakta/hvíldarplan sé aðgengilegt og sýnilegt þeim sem koma um borð til eftirlits. Við teljum einnig að nútímatækni eigi að geta þjónað tilgangi viðvörunar. Það mætti líka gera kröfu um að notaðir séu vökustaurar eins og tíðkast í Noregi við sambærilegar veiðar utan 12 mílna.

Í drögunum er talað um að á skipi með vélarafl frá og með 250 kW til og með 750 kW skuli vera tveir smáskipavélaverðir fari útivist yfir 14 tíma. Þetta teljum við vera af og frá. Í bátum undir 15 metrum eru vaktfrí vélarrúm og viðvörunarkerfi í brú sem láta vita ef eitthvað er að. Það er því okkar mat að það sé algjörlega fullnægjandi að um borð sé einn aðili með vélavarréttindi.

Ólafsvík 3.3.2021

F.h. Samtaka smærri útgerða

Örvar Marteinson
formaður